



AÐ FANGA FJÖLBREYTILEIKANN

Handbók um verkfæri
Byrjendalæsis

UM BYRJENDALÆSI

- Aðferðin Byrjendalæsi er ætluð til læsiskennslu á yngsta stigi grunnskólans.
- Hún var þróuð hjá Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.
- Aðferðin miðar að því að kenna nemendum með ólíka færni hlið við hlið þar sem námslegum þörfum þeirra er mætt með fjölbreyttum verkefnum.
- Mikil áhersla er lögð á samskipti nemenda þar sem athafnamiðað nám er fyrirferðamikið í kennslunni.
- Titill handbókarinnar „Að fanga fjölbreytileikann“ er lýsandi fyrir þá staðreynd að fjölbreytileiki nemendahópsins er mikill þar sem allir eiga að fá að njóta sín.

KVEIKJAN AÐ VERKEFNINU

- Kveikjan að gerð handbókarinnar:
 - Umræðan um að verkfæri Byrjendalæsis væru of lengi á kennslustigi þar sem kennarar stýra vinnunni og gera ekki nægilegar kröfur til nemenda um sjálfstæð vinnubrögð.
 - Þegar lestrarstefna Akraness var unnin, vaknaði hugmynd að gerð handbókar sem væri yfirlit yfir verkfæri Byrjendalæsis og kennurum til stuðnings í starfi.

ORÐAFORÐI

- Fræðileg umfjöllun um orðaforða og mikilvægi hans í kennslu.
 - Lagskipting orðaforða.
 - Þróun orðaforða hjá börnum.
- Ört stækkandi hópur tvítyngdra nemenda.
- Hvað eykur orðaforða.
- Árangursrík kennsla orðaforða.

STIGSKIPTUR STUÐNINGUR

- Með stigskiptum stuðningi er átt við ferli kennslu sem fer frá kennarastýringu til sjálfstæðis nemenda.
 - Kennari gerir – nemandi horfir
 - Kennari gerir – nemandi hjálpar.
 - Nemandi gerir – kennari hjálpar.
 - Nemandi gerir – kennari fylgist með.
 - Nemandi deilir með öðrum sem hann hefur lært.

UM KENNSLUÁÆTLANIR

- Eitt af því sem einkennir starf í anda Byrjendalæsis er gerð nákvæmra kennsluáætlana sem byggja á gæðatexta við hæfi nemenda.
- Hver kennsluáætlun skiptist í þrjú þrep þar sem unnið er bæði með eindaraðferðir og heildaraðferðir.
- Í kaflanum er fjallað um:
 - atriðið sem æskilegt er að fylgi hverju þrepi í kennsluáætlun
 - markmiðsetningu
 - námsmat
 - heimanám.

LYKILORÐ

- Lykilorð er valið úr þeim gæðatexta sem unnið er með hverju sinni og er verkfæri kennarans til að kynna fyrir nemendum og vinna með helstu tæknilegu þætti lestrarnámsins.
- Í kaflanum er:
 - Þrepaskiptur hugmyndalisti yfir verkefni sem hægt er að vinna út frá lykilorði og tengjast námsþáttum íslenskunnar.
 - Nánari útlistun á verkefnum í hverjum námsþætti fyrir sig.
 - Yfirlit yfir stigskiptan stuðning í vinnu með lykilorði.

NÁMSUMHVERFI

- Þegar kennarar skipuleggja nám og kennslu taka þeir fjölda ákvarðana sem:
 - móta daglegt starf í skólastofunni og hafa áhrif á viðhorf nemenda til þeirra námgreina sem unnið er með hverju sinni
 - endurspeglar viðhorf kennara til starfsins, þ.e. hvað þeir telja mikilvægt að nemendur læri og hvernig og hvort þeir telji sig geta stuðlað að farsælum námsárangri hjá öllum nemendum.
- Í kaflanum er fjallað um:
 - Hvernig kennarar geta byggt upp námsumhverfi sem styður við farsælt læsinnám.
 - Efnivið.
 - Ritmál og myndmál sem þarf að vera sýnilegt og aðgengilegt.

LÆSISSTÖÐVAR

- Í Byrjendalæsi er stöðvavinna leið til þess að nemendur með ólíka getu nái að vinna saman hlið við hlið.
- Stöðvavinnan býður upp á:
 - Athafnamiðað nám.
 - Lausnaleit.
 - Val um verkefni og lausnaleiðir.
 - Samvinnu nemenda.
 - Stigvaxandi sjálfstæði nemenda í námi.
 - Fjölbreyttar kennsluáðstæður.
 - Kennararstýrða stöð þar sem nemendur fá einstaklingsbundna leiðsögn eftir þörfum.

GAGNVIRKUR LESTUR

- Gagnvirkar aðferðir í kennslu einkennast af eftirfarandi grundvallaraðferðum:
 - Að spá fyrir um og draga ályktanir.
 - Að spyrja spurninga.
 - Að varpa ljósi á það sem er óskýrt.
 - Að draga saman (aðalatriðin).
 - Að sjá hluti fyrir sér - að skapa innri myndir.
- Hver aðferð er túlkuð með ákveðnu hlutverki sem auðveldar nemendum að tileikna sér þessar aðferðir.
- Hlutverkin eru spákonan, kúrekinn, fréttamaðurinn, spæjarinn og listamaðurinn.
- Kaflanum fylgja þrjár mismunandi útfærslur á kennsluáætlun í gagnvískum lestri.

KVL KANN – VIL VITA – HEF LÆRT

- KVL-kort er öflugt verkfæri til að ná fram þekkingu nemenda á námsefninu ásamt því að þjálfra þá í að spyrja spurninga um það og leita svara.
- Aðferðin hjálpar nemendum að tengja nýja þekkingu við þá sem fyrir er og þróa orðaforða þeirra námsgreina sem unnið er með hverju sinni.
- Í kaflanum er fjallað um:
 - Ávinnig af því að nýta kortin í kennslu.
 - Ýmsar leiðir og aðlögun ólíkra verkefna.
 - Stigskiptan stuðning í vinnu með KVL-kort.

HUGTAKAKORT

- Með hugtakakortum:
 - Gerum við hugsun okkar sýnilega.
 - Komum skipulagi á hana.
 - Vinnum úr henni og þróum hana áfram á áþreifanlegan hátt.
- Í kaflanum er:
 - Almenn umfjöllun um hugtakakort.
 - Tilganginn með notkun hugtakakorta í námi.
 - Stigskiptan stuðning í vinnu með hugtakakort.
 - Námsmat

RITUNARRAMMAR

- Ritunarrammar eru form sem styðja við ritun.
- Þeir eru fjölbreyttir og eru nokkurskonar beinagrindur sem nemendur setja kjöt á og styðja þá við að ná tökum á mismunandi textagerðum.
- Kaflinn fjallar um möguleika í notkun fjórskipts ritunarramma til að styðja við skáldsagnarritun og fræðilega ritun.
- Einnig er fjallað um stigskiptan stuðning í kennslu með ritunarramma.

VIÐAUKAR

- Stigskiptur stuðningur – lykilorð
- Stigskiptur stuðningur – GL
- Stigskiptur stuðningur – KVL
- Stigskiptur stuðningur – hugtakakort
- Stigskiptur stuðningur – ritun
- Matsblað – Gagnvirkur lestur
- KVL – Staðan mín
- Hugtakakort – Staðan mín
- Hugtakakort – matsblað
- Staðan mín

LESTUR LYKILL AÐ LÍFSGÆÐUM

- Í nútímapjóstfélagi er lestur lykill að lífsgæðum og í tæknivæddum heimi erum við illa stödd ef lestrarfærni okkar er ekki góð.
- Mikilvægi þess að ná tökum á lestri er því óumdeilt og ljóst að hlutverk kennara er afar stórt í þessum efnum.
- Það er von okkar að handbókin geti stutt kennara í læsiskennslunni og stuðlað að samfellu og stíganda í læsisháminu.

KÆRAR ÞAKKIR

- Við þökkum:
 - Akraneskaupstað fyrir stuðninginn við gerð handbókarinnar en veittur var styrkur úr þróunarsjóði skóla- og frístundaráðs til verksins.
 - Starfsfólki Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri fyrir ráðgjöf og góða hvatningu.